

Join Motion Pictures ehf.  
Birkiholti 4  
210 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. júní 2015  
UST201506-076/M.I.K.  
09.06.01

### Efni: Leyfi til kvikmyndatöku - Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Join Motion Pictures, dagsett 9. júní 2015, vegna leyfis til kvikmyndatöku innan friðlýsta svæðisins í Dyrhólaey í einn dag á tímabilinu 27. júní til 6. júlí 2015 vegna kvikmyndarinnar *Hjartasteinn*.

Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 sem friðland, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Samkvæmt friðlýsingunni er óheimilt að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði og getur Umhverfisstofnun takmarkað aðgengi almennings á tímabilinu 1. maí til 25. júní til verndar fuglalífi.

#### Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða kvikmyndatöku í Dyrhólaey. Það verða 10-12 manns á staðnum og verður tekið upp annars vegar í fjörunni og hins vegar upp á bjarginu í Kirkjufjöru. Áætlað er að tókur taki um 12 klukkutíma. Tveir leikarar, munu síga niður ásamt tókumanni. Hrun hefur orðið í bjarginu og því er ljóst að um áhættusamt atriði er að ræða og fer það fram á ábyrgð Join Motion Pictures. Samkvæmt starfsfólki Join Motion Pictures hafa þeir verið í sambandi við björgunarsveitarmann, heimamann og sérfræðing á sviði skriðufalla og hættumats varðandi tókur á svæðinu. Á meðan á tókum stendur þarf að takmarka aðgang að svæðinu. Ekki verður sett upp tjald á svæðinu en salerni verða sett upp. Samkvæmt umsókn verða bílar notaðir til þess að hlaða kvikmyndabúnað. Ekki gert ráð fyrir jarðraski á svæðinu, nema þá mögulega fótsporur.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun hefur verið í sambandi við fuglafræðing. Hefur hann metið það svo að fuglalífi á umræddu svæði (Kirkjufjörubjargi) verði ekki raskað á svæðinu á meðan á tókum stendur.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti kvikmyndatökur við Kirkjufjöru og Kirkjufjörubjarg í Dyrhólaey að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær tókur hefjast og hvenær þeim lýkur. (Hafa skal samband við Jón Björnsson, svæðalandsvörð, s. 8224056)
- Takmarkanir á aðgengi á svæðinu skulu vera í fullu samráði við Umhverfisstofnun og lögreglu.
- Salerni og bílar til þess að hlaða kvikmyndabúnað skulu staðsett á bílastæðinu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna verði upplýstir um verndargildi friðlandsins og fari eftir friðlýsingarákvæðum.
- Starfsmenn við kvikmyndatöku gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.

- Reynt verði að skipuleggja tölur með þeim hætti að ferðamenn á svæðinu verði fyrir sem minnstri röskun til að takmarka stýringu á umferð þeirra.
- Afmarka skal svæði sem notað verður undir kvikmyndatöku og merkja það þannig að aðrir gestir átti sig á því að um sé að ræða kvikmyndaupptöku.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Þess er krafist að fyllsta öryggis verði gætt á svæðinu.
- Áréttað er að kvikmyndatökur á svæðinu fara að fullu fram á ábyrgð Join Motion Pictures.


**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit vegna kvikmyndatökunnar. Frá 8.00 til 16.00 er ekki tekið gjald fyrir eftirlit. Fari tölur fram á öðrum tíma verður tekið gjald fyrir það eftirlit samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 1281/2013, 11.200 kr/klst.

Virðingarfyllst,



Jón Björnsson  
Sérfræðingur



Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri